

(B. XVII, 1).

Ed.

44. Framvarp

til laga um að sameina kennarastarf í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands við forstöðu Landsbókasafnsins.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Þegar forstöðuembætti Landsbókasafnsins losnar næst, skal það sameinað kennarastól í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

2. gr.

Sá maður, sem gegnir báðum þessum störfum, skal njóta sömu launakjara og prófessorar háskólans á hverjum tíma. Hann skal taka að sjer öll störf og skyldur forstöðumanns Landsbókasafnsins, eins og þær eru samkvæmt gildandi lögum. Hann skal jafnframt hafa sama rjett við Háskóla Íslands eins og prófessor í hagnýtri sálarfræði hefir nú samkvæmt lögum nr. 35, 26. okt. 1917.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 35, 26. okt. 1917, að því leyti, sem þau eru í ósamræmi við 2. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Hjer er farið fram á að sameina kenslu í hagnýtri sálarfræði við forstöðu Landsbókasafnsins. Sparast með því önnur launin. Vinnan hins vegar áreiðanlega ekki meiri en svo, að núverandi prófessor í hagnýtri sálarfræði mnn eiga auðvelt með að inna hana af hendi. Á hinn bóginn er núverandi forstöðumaður Landsbókasafnsins svo bilaður að heilsu, að ónmflýjanlegt er, að þar verði mannskifti þegar á þessu ári. Prófessorinn í hagnýtri sálarfræði hefir áður verið starfsmaður við Landsbókasafnið, er maður fjölmentaður og einn hinn nafnkendasti rithöfundur landsins, sem nú er uppi. Sýnist því sjálfsögð búmenska af ríkinu að gefa honum fult verksvið fyrir hæfileika sína, jafnframt því, sem tekið er fult tillit til fjárhags landsins.